Ákærði hefur einnig nokkrum sinnum sæst á greiðslu sekta, er hér skipta ekki máli.

Refsing ákærða verður ákveðin varðhald 45 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. alm. hegningarlaga ber að taka til greina kröfu Arnar Helgasonar um fégjald fyrir hneisu og óþægindi, sem atferli ákærða olli honum. Verður fjárhæð bóta ákveðin 100.000 kr.

Samkvæmt 141. gr. laga 74/1974 ber að dæma ákærða til þess að greiða kostnað sakarinnar, þar á meðal 35.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar héraðsdómslögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Eðvarð Lövdahl, sæti varðhaldi 45 daga.

Ákærði greiði Erni Helgasyni 100.000 kr.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal 35.000 kr. í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorlákssonar héraðsdómslögmanns.

Miðvikudaginn 7. júní 1978.

Nr. 84/1977. **Ríkisútvarpið**
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)
gegn
Dóru Hafsteinsdóttur
(Skúli Pálsson hrl.).

Orlof. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 1. júní 1977. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í máli þessu krefur stefnda áfrýjanda um orlofsfé af greiðslum, sem hún fékk vegna þýðingarstarfa fyrir hann, svo sem greinir í héraðsdómi.

Greiðslur fyrir þýðingarstörf stefndu fyrir áfrýjanda eru ákveðnar í sérstakri gjaldskrá. Eru starfsþættir sundurgreindir og mismunandi greiðslur ákveðnar fyrir einstaka þætti. Eru greiðslur einum þræði miðaðar við tíma, sem til verks er varið, en öðrum þræði er annar mælikvarði notaður við ákvörðun þeirra. Sérstakt ákvæði er um endursýningu sjónvarpsmyndar. Fær stefnda þá einnig greiðslu fyrir þýðingu sína, en þó lægri en upphaflegum þýðingarlaunum nemur.

Samkvæmt gögnum máls er sambandi málsaðilja þannig háttað, að stefnda er ein úr allfjölmennum hópi manna, sem áfrýjandi leitar til um að þýða sjónvarpsefni úr erlendum tungumálum. Hún er ekki ráðin hjá áfrýjanda til ákveðinna verkefna gegn föstum launum. Er áfrýjandi eigi skuldbundinn að fela stefndu þýðingarverkefni, og henni er að sínu leyti ekki skylt að taka að sér slík verkefni, sem áfrýjandi býður henni. Miða verður við það, að ekki sé til að dreifa neins konar uppsagnarfresti vegna starfa stefndu í þágu áfrýjanda.

Meðal gagna máls eru nokkur bréfaskipti milli Félags sjónvarpsþýðenda og áfrýjanda. Í ársbyrjun 1971 komu fram óskir félagsins um breytingar á gjaldskrá. Í ódagsettu bréfi félagsins til áfrýjanda, sem virðist vera ritað í byrjun árs 1971, segir m. a.: „Þar eð sjónvarpið greiðir ekki orlofsfé né framlag í lífeyrissjóð fyrir sjónvarpsþýðendur, reiknast 13% álag ofan á heildarsummu reiknings fyrir hverja þýðingu“. Í bréfi 31. mars 1971 frá sama aðilja til áfrýjanda um breytingar og lagfæringar á gjaldskrá er m. a. farið fram á, að „greitt verði 7% orlof á kaup lögum samkvæmt“. Í tillögum félagsins 27. apríl 1971 um breytingu á gjaldskrá er orlofsfjár ekki getið, og eigi er þessa atriðis getið í bréfum Félags sjónvarpsþýðenda og áfrýjanda 15. maí 1971, sem fólu í sér

samkomulag um breytingar á gjaldskrá fyrir þýðingar í þágu áfrýjanda. Í tillögum Félags sjónvarpsþýðenda 31. janúar 1974 til áfrýjanda um sama efni er eigi getið orlofsfjár. Samkvæmt gögnum máls verður eigi séð, að stefnda hafi haft uppi kröfu um orlofsfé, er hún veitti viðtöku greiðslum fyrir einstök störf sín fyrir áfrýjanda.

Þegar virt eru framangreind atriði um störf stefndu fyrir áfrýjanda, verður ekki talið, að stefnda eigi samkvæmt 1., 3. og 4. gr. laga nr. 16/1943, sbr. lög nr. 8/1957 og 68/1964 svo og 1., 3. og 7. gr. laga nr. 87/1971 tilkall til orlofsfjár þess, sem hún krefur áfrýjanda um í máli þessu. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu í málinu.

Rétt þykir, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Ríkisútvarpið, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Dóru Hafsteinsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Benedikts Sigurjónssonar hæstaréttardómara.

Samkvæmt ákvæðum 1. og 3. gr. laga nr. 16/1943, eins og þeim var breytt með lögum nr. 8/1957, hefur hver maður, sem starfar í þjónustu annarra, rétt og skyldu til orlofs ár hvert. Sama meginregla kemur fram í ákvæðum laga nr. 87/1971, sem nú gilda um þessi efni. Á þeim tíma, sem hér er um fjallað, greiddi áfrýjandi stefndu laun samkvæmt gjaldskrám, þar sem gjald var að nokkru miðað við vinnutíma, en að nokkru við aðra mælikvarða. Við fjárhæðaákvarðanir virðist í gjaldskrám þessum tekið mið af launum opinberra starfsmanna. Eins og vinnusambandi áfrýjanda og stefndu var háttað, verður að leggja það til grundvallar, að stefnda hafi verið í þjónustu áfrýjanda og eigi því samkvæmt fyrrgreindum lagaákvæðum rétt til orlofs. Í gjaldskrám þessum er hvergi getið, að orlof sé innifalið í greiðslum, og eigi

hafa komið fram önnur gögn í málinu um það atriði. Verður því ekki byggt á þeirri staðhæfingu áfrýjanda. Samkvæmt þessu verður að telja, að stefnda hafi átt rétt til orlofsfjár úr hendi áfrýjanda vegna þessarar vinnu sinnar. Eigi verður talið, að stefnda hafi með tómlæti firrt sig rétti til að krefja um orlofsfé þetta, og ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en áfrýjandi hefur ekki andmælt úrlausn héraðsdómara um fyrningu á hluta kröfunnar, og krafan hefur eigi sætt andmælum tölulega.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 70.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ríkisútvarpið, greiði stefndu, Dóru Hafsteinsdóttur, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1977.

Mál þetta var fyrst dómtekið 13. júní 1975. Það er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. mars 1974, og þingfest sama dag. Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram í þinghaldi 27. júní 1974, og fengu þá umboðsmenn aðilja sameiginlegan frest til öflunar gagna um óákveðinn tíma. Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 18. október 1974. Dómarinn tók málið fyrir 21. febrúar 1975, og voru þá reyndar sættir í því, en án árangurs. Aðiljayfirheyrsla fór fram 10. mars 1975, og lauk þá gagnaöflun í málinu. Munnlegur málflutningur skyldi fara fram 9. júní 1975, en þá varð útivist af hálfu stefnda. Lögmaður stefnda var Þór Vilhjálmsson héraðsdómslögmaður. Stefnandi fékk frest til skila á sókn, er lögð var fram 13. júní 1975, og var málið síðan dómtekið. Dómur var kveðinn upp 16. júní 1975, og var honum áfrýjað til Hæstaréttar. Þar gekk dómur í málinu 15. febrúar sl., og var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað aftur heim í hérað, með því að talið var, að áðurnefndur lögmaður hefði haft lögmæt forföll, er þingað var í málinu 9. júní 1975. Málið var tekið fyrir að nýju 9. mars sl. og aftur 18. mars sl.

Munnlegur málflutningur fór fram 29. mars sl., og var málið síðan dómtekið. Málið var endurupptekið 22. apríl sl. og dómtekið á ný 29. apríl sl.

Stefnandi málsins er Dóra Hafsteinsdóttir, Goðalandi 15, Reykjavík, en stefndi Andrés Björnsson útvarpsstjóri f. h. Ríkisútvarpsins, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að hin stefnda stofnun verði dæmd til að greiða stefnanda orlofsfé að fjárhæð kr. 174.680.92 auk 7% ársvaxta af kr. 973.94 frá 1. janúar 1967 til 31. desember 1967, af kr. 9.079.20 frá þeim degi til 31. desember 1968, af kr. 21.161.63 frá þeim degi til 31. desember 1969, af kr. 36.867.11 frá þeim degi til 31. desember 1970, af kr. 63.076.30 frá þeim degi til 31. desember 1971, af kr. 92.197.35 frá þeim degi til 31. desember 1972, af kr. 136.462.22 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð til 31. desember 1973, en af kr. 174.680.92 frá þeim degi til greiðsludags, svo og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu.

Af hálfu stefnda er aðallega krafist sýknu af kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins, en til vara er krafist lækkunar á fjárhæðum og málskostnaðar.

II.

Málavöxtum, sem eru ágreiningslausir, er þannig lýst af hálfu stefnanda, að hún hafi frá upphafi sjónvarpsútsendinga árið 1966 unnið við þýðingastörf hjá Sjónvarpinu. Ekki hafi stefnandi verið fastráðinn starfsmaður Ríkisútvarpsins, heldur unnið að þýðingum eftir sérstakri beiðni yfirþýðanda hverju sinni. Vinna stefnanda hafi einkum verið tvenns konar, þ. e. þýðingar texta og aðlögun textanna að myndefni. Aðlögunin fari fram ýmist þannig, að lesið sé inn á segulbönd eða senda verði textann inn á myndina jafnframt útsendingu myndarinnar, og annist þýðandi þann þátt. Greiðslur fyrir þessa vinnu hafi verið inntar af hendi skv. þýðingargjaldskrá, sem Sjónvarpið hafi sett með samkomulagi við Félag sjónvarpsþýðenda. Taxti sé ýmist bundinn við texta eða tímalengd, sem sé þá ákveðin í mínútum eða klukkustundum, eða þá magn þýðingar, svo sem miðað við hverja síðu.

Í málinu hafa verið lögð fram ýmis bréf, einkum varðandi sáttaumleitanir í deilunni, áður en hún gekk til dómstólanna. Þá hafa og verið lögð fram ýmis skjöl varðandi samningaviðræður stefnda og Félags sjónvarpsþýðenda. Kemur þar m. a.

fram, að stefnandi átti á árinu 1971 sæti í samninganefnd af hálfu sjónvarpsþýðenda. Í málinu hefur verið lagt fram svofellt bréf fjármálaráðuneytisins, dags. 18. mars 1977: „Hér með staðfestir ráðuneytið, að fyrir 1. júní 1972 var ekki greitt orlof á yfirvinnu né aukastörf starfsmanna ríkisins. Þann 9. ágúst 1972 var samið um sérstakt orlofsframlag, 5.000 kr., er kæmi til útborgunar á árinu 1973. Var orlofsframlag þetta fyrir orlofsárið 1. júní 1972 til 31. maí 1973. Í 2. gr. samningsins segir, að orlofsframlag þetta komi í stað orlofsgreiðslu af yfirvinnukaupi."

Stefnandi hefur komið fyrir dóm, en framburður hennar skiptir ekki máli efnislega.

III.

Stefnandi kveður mál þetta höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur skv. ákvæðum laga nr. 109/1972, sem ákveði almenna meðferð einkamála í málum varðandi orlof auk þess sem dómari skuli leita sátta.

Stefnt sé útvarpsstjóra með hliðsjón af ákvæðum útvarpslaga nr. 19/1971, einkum 4. og 13. gr.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæðum laga um orlof nr. 16/1943, sbr. lög nr. 8/1957 og lög nr. 68/1964 um breytingu á þeim lögum, svo og ákvæðum laga nr. 87/1971, sbr. lög nr. 110/1972 um breytingu á þeim lögum. Framangreind tvenn lög gildi í máli þessu. Fyrrnefndu lögin, þ. e. lög nr. 16/1943, gildi um tímabilið 1966 til 1971 (incl.), en síðarnefndu lögin, þ. e. lög nr. 87/1971, um árin 1972 og 1973. Enginn munur sé í raun á þessum lögum að því er snerti það atriði, sem hér sé til úrlausnar, þ. e. rétt stefnanda til orlofsgreiðslna úr hendi stefnda. Þvert á móti séu lögin mjög samhljóða. 1. gr. laga nr. 16/1943 sé svohljóðandi: „Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera." Um þetta gildi tvennar undantekningar, þ. e. að iðnnemar og hlutaráðnir sjómenn skuli ekki fá orlof. 1. gr. laga nr. 87/1971 hljóði svo: „Allir þeir, sem starfa í þjónustu annarra gegn launum, hvort heldur sem þau eru greidd í peningum eða öðrum verðmætum, eiga rétt á orlofi ásamt orlofsfé eða launum skv. reglum þessara laga." Fjárhæð orlofs sé ákveðin með lögum á hverjum tíma og hafi verið á því tímabili, sem hér um ræðir, þannig: Skv. lögum nr. 68/1964 sé orlof 7% af launum frá gildistöku laganna um áramót 1964/1965 og nái sú tala til krafna varðandi árin 1966 til 1971

(incl.). Skv. lögum nr. 87/1971 sé orlof 8.33% frá 1. janúar 1972 og taki sú tala til krafna vegna áranna 1972 og 1973. Með hliðsjón af áðurgreindum skýrum fyrirmælum laga, vottorði um tekjur stefnanda frá Sjónvarpi og lagafyrirmælum um fjárhæð orlofs sé engum vafa undirorpið, að stefnandi eigi að fá greitt orlof úr hendi Ríkisútvarpsins, eins og krafist sé í stefnu. Til enn frekari glöggvunar megi benda á eftirfarandi atriði, sem þýðingu hafi við mat á þessum rétti: 1. Verkefni þau, sem stefnandi fái til vinnslu, séu öll valin af starfsmönnum stefnda. — 2. Vinna stefnanda sé ætíð undir eftirliti yfirþýðanda Sjónvarpsins. — 3. Stefnandi sé að vísu ekki fastur starfsmaður Sjónvarps, en hins vegar valin til starfa úr mjög þröngum hópi fólks. Geti hún þannig reitt sig á að fá að jafnaði allmörg verkefni og reglulega. — 4. Ekki sé hægt að telja laun stefnanda af hendi greidd til endurgjalds fyrir einstaklega ákveðin störf, eins og t. d. til höfunda, sem fái greiðslu fyrir leikrit eða annað slíkt. — 5. Mikinn hluta af starfi sínu, þ. e. allar útsendingar og tæknivinnu, sem starfinu fylgi, geti stefnandi einungis innt af hendi með aðstoð og undir eftirliti og verkstjórn þeirra starfsmanna Sjónvarps, sem útsendingu annist. — 6. stefnandi hafi nú um árabil haft allar sínar vinnutekjur frá þessum atvinnuveitanda og sé í raun og rétti einn af starfsmönnum Sjónvarps. — 7. Af launum stefnanda greiði stefndi launaskatt, enda séu launamiðar þannig útfylltir, að laun stefnanda og annarra þýðenda séu talin fram í dálki ætluðum fyrir vinnulaun, en t. d. ekki sett í verktakadálk.

Því er mótmælt af hálfu stefnanda, að það hafi verið forsenda fyrir samningum árið 1971, að til greiðslu sérstaks orlofsfjár til þýðenda kæmi ekki.

Þá er því mótmælt af hálfu stefnanda, að venja um áraraðir geti helgað þann skilning, að Ríkisútvarpinu sé ekki skylt að greiða orlof af þýðingarlaunum. Lögbrot af hálfu stjórnvalda geti ekki myndað venju. Einnig er því mótmælt, að orlofsgreiðslur eigi ekki að ná til yfirvinnu. Loks er því mótmælt, að kröfur stefnanda séu fyrndar.

Af hálfu stefnda er fyrst að því vikið, að greiðslur til þýðenda í Sjónvarpi hafi frá upphafi verið miðaðar við sérstakar gjaldskrár, þar sem aðallega hafi verið byggt á verkeiningum. Hér sé því verið að greiða fyrir verk, en ekki vinnu. Verkið sé innt af hendi af fólki úr sérhæfðum hópi. Sé ekki almennt um að ræða greiðslur orlofsfjár til fólks, sem starfi á þessum grundvelli.

Gjaldskrár þær, sem greitt hafi verið eftir á þeim tíma, sem hér skipti máli, hafi verið settar af Ríkisútvarpinu, en með samþykki þýðenda, að minnsta kosti hafi þeir sætt sig við þær. Þegar slík gjaldskrá hafi verið undirbúin árið 1971, hafi verið gerð krafa af hálfu þýðenda um orlofsfé. Að lokum hafi verið samið um heildarlausn málsins og hafi það verið forsenda hennar, að til greiðslu sérstaks orlofsfjár kæmi ekki. Við ákvörðun á taxta fyrir verk þýðenda hafi því verið skipt í tiltekna þætti. Aðalþættirnir séu: Gjald fyrir hvern texta, sem sjáist á mynd í einu; gjald fyrir skoðun og æfingu miðað við hvern byrjaðan stundarfjórðung sýningartíma myndar; mínútugjald fyrir að setja texta inn á mynd, meðan sýning hennar fer fram. Sérstök ákvæði hafi verið um það tilvik, er þýðandi semji texta og þegar hann læsi texta upp. Að því leyti sem taxtar hafi verið samdir með tilliti til launa ríkisstarfsmanna hafi eftirvinnukaup verið haft til viðmiðunar. Sá skilningur Ríkisútvarpsins, að ekki eigi að borga orlofsfé til sjónvarpsþýðenda, sé nú helgaður af venju um áraraðir. Því sé mótmælt, að ákvæði orlofslaga eigi við um þýðendur Sjónvarps. Því sé einnig mótmælt, að réttur sé fyrir hendi til orlofsfjár af yfirvinnugreiðslum og sé sú lagaröksemd sett fram til vara. Þá er vaxtakröfu sérstaklega mótmælt.

Í þinghaldi 10. maí 1975 óskaði lögmaður stefnanda (sic) eftir svofelldri bókun: „Með tilvísun til varakröfu minnar um lækkun á fjárhæðum og málskostnaði leyfi ég mér að taka fram, að ég ber fyrir mig fyrningu í máli þessu."

Lagt hefur verið fram vottorð frá Ríkisútvarpinu um laun stefnanda hjá stofnuninni umrætt tímabil. Í samræmi við það sundurliðar stefnandi kröfur sínar þannig:

Af launum 1966	kr.	13.913.50	7%	eða kr.	973.94
Af launum 1967	—	115.789.50	7%	eða —	8.105.26
Af launum 1968	—	172.606.25	7%	eða —	12.082.43
Af launum 1969	—	224.364.00	7%	eða —	15.705.48
Af launum 1970	—	374.417.00	7%	eða —	26.209.19
Af launum 1971	—	416.015.00	7%	eða —	29.121.05
Af launum 1972	—	531.391.00	8.33%	eða —	44.264.87
Af launum 1973	—	458.808.00	8.33%	eða —	38.218.70
				Stefnukrafa samtals kr.	174.680.92

Í málinu hefur verið lagður fram útreikningur á orlofi eftir orlofsárum skv. vottorði Ríkisútvarpsins, dags. 27. apríl 1977, svohljóðandi:

Orlofsár		*Laun*	*%*	*Orlof*
1966-67	kr.	51.537.50	7	3.607.62
1967-68	kr.	147.826.50	7	10.347.82
1968-69	kr.	151.403.25	7	10.598.23
1969-70	kr.	299.210.00	7	20.944.70
1970-71	kr.	411.881.00	7	28.831.67
1971	kr.	255.247.00	7	17.867.29
1972	kr.	162.214.00	8.33	13.512.42
1972-73	kr.	422.114.00	8.33	35.162.09
1973	kr.	405.871.00	8.33	33.809.05
Samtals	kr.	2.307.304.25		kr. 174.680.89

IV.

Málsaðild stefnda er ekki vefengd.

Stefnandi hefur ekki fengið orlofsfé reiknað ofan á greiðslur sínar frá stefnda. Í málinu er deilt um rétt stefnanda til greiðslu þess orlofsfjár.

Ósannað er, að stefnandi sé að krefjast orlofsfjár af yfirvinnugreiðslum.

Ósannað er, að það hafi verið forsenda fyrir samningum árið 1972, að til greiðslu sérstaks orlofsfjár til þýðenda kæmi ekki.

Ósannað er, að sá skilningur af hálfu stefnda, að ekki eigi að greiða orlofsfé til sjónvarpsþýðenda, sé helgaður af venju.

Telja verður stefnanda starfsmann stefnda og vinnuframlag hennar í þágu stefnda þess eðlis, að endurgjald þar fyrir sé laun í skilningi orlofslaga, sem beri að greiða af orlofsfé skv. þeim lagaákvæðum, sem eru réttilega tilfærð af hálfu stefnanda.

Með 4. gr. laga nr. 8/1957 var 15. gr. laga nr. 16/1943 um orlof breytt í það horf, sem 14. gr. núgildandi orlofslaga nr. 87/1971 er í, þ. e.: „Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 20. okt. 1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.“ Í greinargerð með nefndri 4. gr. laga nr. 8/1957 segir svo: „Hér er lagt til, að sérreglan í 15. gr. laga nr. 16/1943 um fyrningu orlofskrafna verði niður felld og sömu reglur gildi um

fyrningu þeirra og annarra kaupkrafna, þ. e. 4 ára fyrningarfrestur . . ." Samkvæmt þessu, sbr. 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905, verður fyrningarfrestur á kröfum stefnanda í málinu talinn 4 ár. Fyrningarfresti var slitið með birtingu stefnu í málinu hinn 20. mars 1974. Af því leiðir, að kröfur stefnanda um orlofsfé, sem féllu í gjalddaga fyrir 20. mars 1970, eru fallnar niður fyrir fyrningu. Kröfur um greiðslu orlofsfjár verða taldar falla í gjalddaga við lok orlofsárs, þ. e. 14. maí, skv. 3. gr. laga nr. 16/1943. Samkvæmt því og með tilliti til þess, hvernig launagreiðslum til stefnanda var háttað, sbr. framlagt greiðsluyfirlit stefnda, verður litið svo á, að krafa um orlofsfé vegna orlofsársins 1969-1970 sé ófyrnd. Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda samtals kr. 150.127.00 (20.944.70 + 28.831.67 + 17.867.29 + 13.512.42 + 35.162.09 + 33.809.05), enda er fjárhæðum ekki tölulega mótmælt af hálfu stefnda.

Þá verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda vexti svo sem hér segir: 7% ársvexti af kr. 20.945.00 frá 14. maí 1970 til 13. maí 1971, af kr. 67.644.00 frá þeim degi til 13. maí 1972, af kr. 81.156.00 frá þeim degi til 13. maí 1973, af kr. 116.318.00 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 9% ársvexti af sömu fjárhæð frá þeim degi til 31. desember 1973, en af kr. 150.127.00 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, er eftir atvikum þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.000.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Andrés Björnsson útvarpsstjóri f. h. Ríkisútvarpsins, greiði stefnanda, Dóru Hafsteinsdóttur, kr. 150.127.00 með 7% ársvöxtum af kr. 20.954.00 frá 14. maí 1970 til 13. maí 1971, af kr. 67.644.00 frá þeim degi til 13. maí 1972, af kr. 81.156.00 frá þeim degi til 13. maí 1973, af kr. 116.318.00 frá þeim degi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 31. desember 1973, en af kr. 150.127.00 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 60.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.